



Fjármála – og efnahagsráðuneytið

B.t. Bjarna Benediktssonar

Arnarhvoli

101 Reykjavík

20. febrúar 2019

Vísað er til bréfs fjármála- og efnahagsráðherra dags 12. febrúar 2019 til stjórnar Hörpu ohf. þar sem óskað er eftir upplýsingum um viðbrögð við tilmælum í brefi ráðuneytisins frá 6. janúar 2017 og ítrekun frá 30. júní 2017 varðandi ákvarðanir um laun framkvæmdastjóra eftir að félagið færðist undan ákvörðunarvaldi kjararáðs sbr. lög nr. 130/2016. Jafnframt er óskað eftir rökstuðningi hafi stjórnir ákvarðað laun framkvæmdastjóra umfram almenna launaþróun.

Launakjör forstjóra Hörpu ohf. heyrðu undir stjórn félagsins frá opnun hússins árið 2011 þar til þau voru færð undir kjararáð um mitt ár 2016. Árið 2012 var ákveðið að sameina þau félög sem stofnuð höfðu verið um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhús af einkaframkvæmdaaðilanum en opinberir aðilar yfirtekið árið 2009. Fyrsti forstjóri Hörpu ohf. var ráðinn í maí 2012.

Ákveðið var að laun forstjóra Hörpu á þessum tíma væru kr. 1.100.000 og skyldu þau fylgja breytingum samkvæmt kjarasamningi VR og SA. Auk þess var ákvæði í ráðningarsamningi um árlega endurskoðun launa. Önnur kjör samanstóðu af 4% mótframlagi í séreignarsparnað, rekstri vinnumeitanda á farsíma og tölvutengingu á heimili, greiðslu á iðgjaldi líf- og sjúkdómatryggingar og gjaldfrjálsum afnotum af einu bílastæði í bílakjallara Hörpu. Hvorki var um að ræða bifreið til afnota né fastan bílastyrk og seta forstjóra í stjórnum þriggja dótturfélaga Hörpu ohf. er ekki launuð sérstaklega. Þessi kjör voru breyting til lækkunar frá kjörum fyrri framkvæmdastjóra.

Þann 7. júlí 2016 barst þáverandi forstjóra og stjórn félagsins bréf frá kjararáði þar sem tilkynnt var að kjör framkvæmdastjóra félagsins myndu framvegis heyra undir ráðið. Óskaði var eftir ítarlegum upplýsingum um eðli og umfang starfsins og öll þáverandi starfskjör og var því erindi sinnt án tafar. Kom þetta stjórn og stjórnanda nokkuð á óvart því þá þegar lá fyrir yfirlýstur vilji stjórnvalda um að fækka þeim sem þegar heyrðu undir kjararáð.

Þann 30. desember 2016 voru samþykkt á Alþingi ný lög um kjararáð sem kváðu m.a. á um það að frá 1. júli 2017 skyldu laun forstjóra ríkisfyrirtækja vera ákveðin af stjórnum þeirra en ekki falla undir ákvörðun ráðsins. Á þessum tíma hafði enginn úrskurður borist frá kjararáði vegna

forstjóra Hörpu. Ítrekaðar fyrirspurnir höfðu verði gerðar af þáverandi forstjóra um hvort von væri á úrskurði en þær höfðu engu skilað. Þáverandi forstjóri sagði upp störfum í árslok 2016 og var starfið auglýst í janúar 2017. Um áramót 2016/2017 voru heildarlaun forstjóra Hörpu kr.

1.279.618.

Stjórn Hörpu fjallaði ekki formlega um bréf fjármála- og efnahagsráðherra frá 6. janúar 2017 enda hafði hún á þessum tíma engar forsendur til að vita hvort kjararáð myndi úrskurða innan þeirra sex mánaða sem eftir voru af gildistíma eldri laga og því síður hver sá úrskurður kynni að verða. Í ljósi lagabreytinga áttu stjórnarmenn raunar alls ekki von á úrskurði frá ráðinu enda aðeins örfáir mánuðir síðan ákvörðunarvald um starfskjör stjórnanda var fært frá stjórn til kjararáðs og enn færri mánuðir þar til stjórn hefði aftur þetta hlutverk.

Í ráðningaráföldum sem hófst í janúar 2017 studdist stjórn við hjálagða starfskjarastefnu Hörpu ohf. þar sem segir að starfskjör starfsmanna Hörpu skulu vera samkeppnishæf við sambærileg fyrirtæki og miðast við þann markaðshóp sem hver starfsmannahópur tilheyrir.

Í ljósi þessa aflaði stjórnin gagna um laun æðstu stjórnenda félaga í eigu ríkisins og annarra stjórnenda hjá hinu opinbera og naut auk þess liðsinni ráðningarábjónustu Capacent við að ákvarða þau laun sem eðlilegt teldist að greiða. Eftir mat á sambærilegum störfum ráðfærði þáverandi formaður stjórnar sig einnig við fulltrúa eigenda Hörpu ohf. í eigendanefnd félagsins um þau kjör sem ráðgert væri að bjóða. Í ljósi þessa var stjórn einhuga um að bjóða þeim umsækjanda sem varð fyrir valinu kr. 1.500.000 í mánaðarlaun. Munnlega voru drög að samningi um þessi heildarlaun samþykkt af báðum aðilum 9. febrúar 2017. Önnur starfskjör héldust óbreytt frá fyrra fyrirkomulagi.

Fyrsti og eini úrskurður kjararáðs um laun forstjóra Hörpu barst svo 17. febrúar 2017, eða nokkrum dögum eftir að gengið hafði verið frá ráðningu nýs stjórnanda og kvað hann á um að laun forstjóra Hörpu skyldu vera kr. 1.308.736. Þrátt fyrir fyrirliggjandi ráðningarsamning tók verðandi forstjóri á sig lækkun á umsömdum launum samkvæmt þessum úrskurði frá því hann hóf störf 1. maí 2017 en með því skilyrði að upphaflegt samkomulag um kjör yrði tekið aftur til umfjöllunar hjá stjórn að þeim tíma liðnum.

Tölvubréf fjármála- og efnahagsráðherra frá 30. júní 2017 var rætt á vettvangi stjórnar Hörpu ohf. sem ákvað að teknu tilliti til allra málsatvika, samanburðar við önnur stjórnendastörf og samráðs við fulltrúa beggja eigenda, að virða upphaflegt samkomulag um starfskjör sem hún taldi sanngjörn og ekki brjóta í bága við tilmæli ráðherra. Laun forstjóra samkvæmt upphaflegu samkomulagi og giltu því frá og með 1. júlí sama ár er stjórn Hörpu ohf. varð aftur ábyrg fyrir


kjörum forstjóra. Var það staðfest á fundi stjórnar þann 30. ágúst 2017. Kjör forstjóra Hörpu höfðu þá verið á forræði kjararáðs í tæpa 12 mánuði.

Aðalfundur Hörpu ohf. var haldinn þann 26. apríl 2018 og var þar lagður fram ársreikningur félagsins. Í ársreikningnum var gerð grein fyrir launum stjórnar og forstjóra félagsins sem námu 29,2 m.kr. árið 2017, en voru 27,2 m.kr. árið 2016, 26,4 m.kr. árið 2015 og 25 m.kr árið 2014.

Eftir aðalfundinn kom opinberlega fram hörð gagnrýni á að laun forstjóra Hörpu hefðu hækkað óeðlilega mikið frá úrskurði kjararáðs á sama tíma og verið væri að grípa til hagræðingaraðgerða í rekstri félagsins. Til þess að stuðla að sátt um nauðsynlegar hagræðingaraðgerðir í Hörpu óskaði forstjórinn eftir því við stjórn að laun hans yrðu lækkuð úr þeirri upphæð sem samið var um í upphafi, og að þau yrðu í samræmi við úrskurð kjararáðs sem barst eftir að gengið var frá ráðningunni. Samþykkti stjórn félagsins það og tók sú breyting gildi 1. júní 2018. Mánaðarlaun forstjóra Hörpu ohf. eru nú kr. 1.408.658. Allar aðrar forsendur ráðningarsamnings eru óbreyttar og engin hlunnindi hafa verið aukin.

*Taflan sýnir þróun launavísitölu og þróun launa forstjóra Hörpu ohf. frá janúar 2014 – janúar 2019.*

**Launaþróun forstjóra Hörpu ohf.**




Það skal jafnframt tekið fram að stjórnarlauhn hjá Hörpu ohf. hafa ekki hækkað frá árinu 2013. Samþykkt var á aðalfundi félagsins í apríl 2018 að hækka launin um 8% en stjórn Hörpu ohf. ákvað í júní 2018 að draga þá hækjun til baka á sama tíma og forstjóri tók á sig launalækkun.

Þessi frysting stjórnarlauna samsvarar 44,6% lægri launum í ársbyrjun 2019 en ef þau hefðu tekið breytingum í samræmi við þróun launavísitölu.

*Taflan sýnir þróun launavísitölu og stjórnarlauna Hörpu ohf. janúar 2014 – janúar 2019.*

Þróun stjórnarlauna Hörpu ohf.



Stjórn Hörpu ohf. vonar að hér sé farið með tæmandi hætti yfir þau atriði sem óskað var skýringa á í bréfi fjármála- og efnahagsráðherra. Á síðastliðnum fimm árum hefur vístala launa hækkað um 44,6% en laun forstjóra Hörpu um 20,7% sem þýðir m.ö.o. að ef laun forstjóra hefðu fylgt þróun launavísitölu væru þau 20% hærri en nú er raunin. Með þeirri launaupphæð sem ákveðin var við ráðningu forstjóra í febrúar 2017 voru laun færð nær því að fylgja launavísitölu. Stjórnin telur sig því hafa sýnt ábyrgð og mikla hófstillingu í ákvörðunum er varða starfskjör forstjóra félagsins.

Virðingarfyllst.

  
 Þórdur Sverrisson  
 formaður stjórnar Hörpu